

0000000

=====
S T A R F S S K Ý R S L A
=====

=====
S K Ó G A R V A R D A R I N S Í E Y J A F I R Ð I
=====

=====
1 9 6 5
=====

0000000

S T A R F S S K Ý R S L A

=====

skógarvarðarins í Eyjafirði fyrir árið 1965 .

oo

VEDURFAR.

Vedurfar 1965 var samilega hagstætt fyrir trjágróður. Þó var úrkomumagn óvenjulega lítið, einkum sumarmánuðina, en fyrstu mánuði ársins var tíðarfar hagstæðara skógargróðri en árið áður og bar því lítið á skemmdum eftir veturinn. Hitasumma sumarmánaðanna maí-sept. var aðeins lægri en árið áður. Hún er miðuð við 8 mælingar á sólarhring.

Yfirlit samkvæmt vedurathugunum á Akureyri 1965:

	Meðalhiti	Úrkoma	Hitasumma.
	C	mm	
Janúar	- 2,30	71,3	
Febrúar	3,06	16,0	
Mars	- 4,03	11,5	
Apríl	1,72	12,9	
Maí	4,77	10,4	147,78
Júní	8,63	12,0	258,78
Júlí	10,42	17,0	323,00
Agúst	9,40	15,8	282,08
Sept.	5,06	22,3	151,91
Október	6,18	16,4	
Nóvember	- 1,90	45,7	
Desember	- 8,60	34,9	
Meðalhiti ársins .	2,70		
Úrkomumagn "		290,2	
Hitasumma sumarsins maí - sept.....			1,163,55

Eg hef skrifað í dagbók:

29. maí . Nú er sem óðast að sprynga út á trjám. Mikil laufgun síðustu tvo daga.

3. júní. Tré eru nú að verða allaufguð.

Safnað var dálitlu af reyniberjum og runnafræi og einnig birkifræi.

Fræfall á birki var með mesta móti og hefði mátt safna miklu, ef tími hefði unnist til. Samkv. dagbók:

- 8. sept. Lauf á trjám er byrjað að sölna.
- 21. " Vaglabirki er orðið gult.
- 30. " Bæjarstaðabirki orðið mjög gult og lauffall byrjað á flestum tegundum.
- 7. okt. Lauf er nú að mestu fallið af Vaglabirki og sumar Alaskaaspir eru orðnar lauflausar.
- 11. " Lauffalli að verða lokið í Leyningshólum.
- 26. " Bæjarst. birki búið að fella lauf. Mikið fræfall.

II.

GIRÐINGAR.

Töluverðar aðgerðir þurfti á girðingum í vor, en þó ekki með mesta móti. Eins og æfinlega kom girðingin um Vaðlaskóg verst undan vetri.

Útvegað varð girðingarefni um einn skógarreit og nokkur skjólbelti, en frá því er ekki fullgengið og kemur það því ekki á skýrslu fyrir en næsta ár.

GRISJUN.

Haldið var áfram grísjun í Grundarreit og í haust var grísjáð töluvert í Vaðlaskógi og Kjarnaskógi. Enn fremur var klippt frá plöntum þar sem með þurfti eftir því, sem við varð komið.

GRÓÐRARSTÖÐIN.

Yfirlit um rekstur Gróðrarstöðvar Skógræktarfélags Eyfirðinga.

SÁNING:

Tegund	kvæmi	nr.	kg	ferm.	
Birki	Bæjarstaður	621	1,50	100	
"	Skillingstad	646	0,65	50	
Rauðgreni	Meldal	648	0,50	24	
Lerki	Altai	652	1,40	75	
Bergfura	Mont Louis	655	0,40	25	
Samtals			4,45	274	
Haustsáning: Reyniber og runnafræ				15	289 ferm

GRÆDLINGAR:

Tegund	stk.	ferm.
Alaskaðsp	1,601	16,0
Rússaðsp	304	3,0
Gulvíðir	715	7,0
Grávíðir	286	3,0
Þingvíðir	1287	13,0
Viðja	7177	72,0
Ribs	667	7,0
Rauðtoppur	89	1,0
Blátoppur	200	2,0
Samtals	12,326	124,0

III.

DREIFSETNING.

Tegund	kvæmi	aldur	fjöldi	ferm.
Birki	Bæjarst.	2/0	9,704	
"	"	3/0	672	
Brodd- og blágreni	Sapinero	2/0	9,100	
Hvítgreni	Moose pass	3/0	15,150	
Rauðgreni	Wansa Lake	H 3/0	10,072	
Rauðgreni	Namdal	2/0	2,100	
"	Vefsen	V 3/0	23,000	
Sitkagreni	Hómer	2/0	2,600	
"	"	3/0	850	
Sitkabastarður	Moose Pass	3/0	5,800	
Bergfura	Pyreneafjöll	2/0	2,105	
Broddfura	Hallormsst.	2/0	2,317	
Rússalerki	Shenkursk	2/0	26,334	
Siberfulerki	Arkangelsk	2/0	4,494	
Fjallapínur	Wansa Lake	3/0	4,200	
Gráölur		3/0	126	
Samtals			118,624	900

SKÓGARPLÖNTUR AFHENTAR ÚR GRÓÐRARSTÖÐ FÉLAGSINS.

Tegund	kvæmi	aldur	fjöldi.
Birki	Bæjarst.	2/0	2,300
"	"	3/0	2,796
"	Eyjafj.	3/0	1,205
"	?	4/0	65
"	Bæjarst.	2/3	275
"	Eyjafj.	2/3	655
"	Hallormsst.	2/3	200
Blágreni	Sapinero	2/3	2,130
"	"	2/4	25,100
Hvítgreni	Fairbanks	2/3	4,515
"	"	2/4	4,520
Rauðgreni	Grane	2/3	6,585
"	"	2/4	3,960
"	R.K.E.D.	2/5	295
Sitkagreni	Hómer	2/4	4,020
Sitkabastarður	Lawing	2/4	168
Bergfura	Ginébra	2/3	7,096
Broddfura	Sapinero	2/2	546
Fjallafura	Grabunden	2/3	2,200
Lindifura	Taspit Rayon	2/6	20
Skógarfura		2/3	460
Stefafura	Skagway	2/2	8,540
"	"	2/3	18,014
Rússalerki	Shenkursk	2/0	5,000
"	Raivola	1/2	613
Sib. lerki	Arkangelsk	2/2	500
Fjallapínur	Sapinero	2/3	
Samtals			107,912

IV.

GARÐPLÖNTUR AFHENTAR ÚR GRÓÐRARSTÖÐ FÉLAGSINS.

Tegund	hæð í sm	fjöldi
Birki	30 - 100	394
Reynir	40 - 200	180
Gráreynir	60 - 80	6
Alaskaösp	50 - 150	36
Gulvíðir	50	1,026
Þingvíðir	60	72
Viðja	50	156
Dúntoppur	50	1,098
Ribs	50	72
Sólber	50	20
Blágreni	40 - 70	28
Sitkagreni	40 - 80	122
Sitkabastarður	40 - 80	20
Rauðgreni	40 - 70	108
Hvítgreni	40 - 100	38
Brodd- og blágreni	40 - 60	11
Broddfura	40	1
Stafafura	30	5
Fjallapínur	40	5
Fjallaribs	40	72
Sib.baunatré	40	44
Samtals		3,503 pl.

GRÓÐURSETNING Á VEGUM SKÓGRAKTARFÉLAGS EYFINDINGA.

	birki	fura	greni	bastarður	pínur	lerki	fjöldi
Skógr.fél.Eyf.	1200	16046	29360	138	24	5000	51,768
Öngulst.deild	1505	8	10		10	70	1,603
Saurb. "	665	170	160			45	1,040
M.A. "		760	1000				1,760
Akureyrardeild	1536	9040	11840		6000	248	28,664
Skríbúdeild	300	1200	860				2,360
Arnarnesdeild	700	1500					2,200
Árskógsdeild	600	400	60			200	1,260
Svarfd.deild	100	900	300				1,300
Einset.fél.menn	890	1852	3235	30	100	50	6,157
Samtals	7496	31876	46825	168	6134	5613	98,112

V.

ÆTLUN UM PLÖNTUR TIL AFHENDINGAR 1966.

	Vor	haust	alls
Lerki 2/2	27,000		27,000
Birki 2/0	7,000		
" 3/0	<u>3,000</u>		
Bergfura 2/2	4,000		4,000
Stafafura 2/2	3,500		3,500
Rauðgreni 2/3	7,700		7,700
Sitkagreni 2/2	15,500	40,000	55,500
Sitkabastarður		8,000	8,000
Samtals	67,700	48,000	115,700
Garðplöntur			5,260
Alls			120,960

VEGAGERÐ.

Ekkil var lagt í aðra vegagerð á árinu en nauðsynlegt viðhald og endurbatur á veginum að Gróðrarstöðinni íx Kjarna. Nauðsyn er á meiri endurbótum á þeim vegi, einnig á veginum um Leyningshóla og að Vaðlaskógi.

LEIÐBEININGAR.

Eins og áður voru veittar leiðbeiningar og aðstoð við gróðursetningar hjá deildum félagsins og einstaklingum, enn fremur við skjólbeltagerð hjá nokkrum bændum.

MÆLINGAR.

Nokkuð var gert að haustmælingum á trjám eins og undanfarin ár. Þara hér á eftir sýnishorn af þeim:

	Hæð m	Meðaltal.
		ársspr.sm
1. Birki 3/0 gróðursett 1952 í Kjarnask.	2,339	13,9
2. " 2/2 " 1954 " "	2,297	24,5
Mælt á 100 ferm.(nr.1 50 pl.nr.2 54 pl.)		
3. Lerki 2/2 gróðursett í Kjarnask.1958.	1,752	13,5
Mælt á 100 ferm.66 pl.		
4. Sitkagr.Cordova,gr.s.1959 Kjarnask.	0,388	5,1
Mælt á 100 ferm.51 pl.		
5. Rauðgreni Drefja,gr.s. 1959 í Kjarnask.	0,267	2,3
Mælt á 100 ferm.53 pl.		

VI.

	Hæð m	Ársv.sm
6. Lerki 2/2 Hakask.grs.1951 í Vaðlask. Mældar raðir, 100 tré.	3,891	13,9
7. Stafafura 2/2 Skagway grs.1969 " Mælt á 100 ferm.61 pl.	0,575	11,5
8. Stafafura 2/2 Skagway grs 1963 Miðhálsst. Mælt á 100 ferm 76 pl.	0,188	2,4
9. Lerki 2/2 Askiz grs 1959 Miðhálsst. Mælt á 100 ferm 40 pl.	0,797	7,7
10. Lerki 2/2 Hakask.grs 1954 Miðhálsst. Mældar 84 pl.	1,868	5,5
11. Lerki 2/2 Raviola grs 1956 Leyningssh. Mælt á 100 ferm 44 tré.	1,254	17,4
12. Lerki 2/2 Askiz grs 1959 Leyningssh. Mælt á 100 ferm 51 pl.	0,887	5,9
13. Rauðgreni Snasa grs 1959 Leyningssh. Mælt á 100 ferm 49 pl.	0,495	7,4
14. Rauðgreni Grane grs 1960 Garðsárreit	0,583	4,9

Mælingar á hæztu trjám í einstökum reitum. Ársv.í svigum.

Garðsárreitur: Rauðgreni	2,55	(37,0 } (27,0 }
Sitkagreni	1,35	
Blágreni	2,55	
Grundarreitur: Blæosp	8,50	
Lindifura	7,10	
Lerki	8,10	
Kjarnaskógur : Birki	3,87	
Lerki	3,15	
Skógarfura	2,58	
Sitkagreni	1,44	
Vaglir á þelamörk:		
Rauðgreni	2,20	
Lerki	3,10	
Skógarfura	1,45	
Jónasarlundur: Birki	3,00	
Lerki	2,50	
Sitkagreni	1,70	
Hvammereitur: Rauðgreni	1,21	
Lerki	1,83	
Sitkagreni	0,88	(17,0)
Árskógsreitur: Lerki	2,15	
Sitkagreni	1,25	

Einnig mældi eg í haust tré í gördum á Akureyri fyrir mag.
Ingólf Davíðsson vegna nýrrar útgáfu á bókinni GARÐAGRÓÐUR.
Munu þar mælingar koma fram þar.

HEIMSÓKNIR OG FERÐIR.

Auk nokkurra starfsmanna Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, hafa ýmsir innlendir og erlendir menn komið í heimsókn og hafa þeir fengið umbeðnar upplýsingar, eftir því, unnt hefur verið að veita. Einn þeirra var skógfræðingur frá Finnlandi, sem athugaði hér trjágróður í gördum og nokkrum skógarreitum.

Um mánaðarmótin júní-júlí tók eg þátt í bændaför Búnaðarfélags Íslands til Danmerkur og Noregs. Var í þeirri för mjög veitt athyggli hlutdeild skóga og skjólbelta í landbúnaði Dana og Norðmanna. Meðal annars vorum við gestir Heiðafélahsins danska og kynntumst, að nokkru, starfsemi þess.

STARFSLIÐ.

Að mestu leiti var sama starfslið og árið áður. Flokkur drengja 12 - 14 ára vann að gróðursetningu í 6 vikur í vor og 3 vikur eftir miðjan ágúst. Önnuðust drengirnir ásamt öðru starfsliði félagsins að mestu gróðursetninguna. Sjálfböðavinna var því með minnsta móti, nema hjá deildum félagsins utan Akureyrar.

Verktjórinn við Gróðrarstöðina, Jón D. Ármannsson var frá verkum á þriðja mánuð í sumar. Hann veiktist snögglega rétt áður en eg kom úr utanförinni og varð að liggja á sjúkrahúsi fram undir haustið.

GRÓÐRARSTÖÐ RÆKTUNARFÉLAGS NORÐURLANDS.

Sú breyting varð á með Gróðrarst. Rf. Nl. á Ak. að Ak-ber fékk hana á leigu til afnota fyrir vinnuskóla, sem nú er verið að endurreisa. Skógræktarfélag Eyf. hefur annast hirðingu hennar um það bil hálfan annan áratug og óg hafði trjáplöntuuppeldið þar að nokkru fyrstu árin. Með þessari breytingu hefur bærinn tekið við hirðingu stöðvarinnar og eru líkur til, að framhald verði á því. Að sjálfsögðu var eg með í ráðum við þá grisjun, sem gerð var í stöðinni í sumar.

HÁNEFSSTAÐIR Í SVARFAÐARDAL.

Eins og kunnugt er hefur Eiríkur Hjartarson rafmagnsfr. í Reykjavík komið upp skógarreit á jörðinni Hánefsst. í Svarfaðard. S. l. ár afhenti hann Skógræktarfélag Eyf. jörðina að gjöf með öllum gögnum og gæðum. Hann mun dvelja þar eitthvað á sumrin meðan honum endist aldur og heilsa, en að öðru leiti hefur félagið full umráð yfir jörðinni.

SALA JÓLAGREINA.

Eg annaðist, eins og áður, sölu á jólatrjám og jólagreinum Landgræðslusjóðs. Sala á greinum varð um 100 kg meiri en sl ár, en um það bil eins á jólatrjánunum. Nokkuð seldist einnig af furu- limi, sem að mestu var tekið í Vaðlaskógi. Var erfitt að ná því í Grundarreit vegna snjóþyngsla.

=====

GLUGGASÝNING SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS.

Loks er þess að geta, að félagið stóð fyrir gluggasýningu á Akureyri. Slík sýning hafði fyr á árinu farið fram í R. vík og kom erindreki Skógr.fél.Ísl. Snorri Sigurðsson til Akureyrar og stjórnaði uppsetningu sýningarinnar. Var blaðamannafundur í sambandi við opnun hennar. Sýningin vakti almenna athygli og hafði nokkur áhrif til öflunar nýrra félaga fyrir Akureyrardeildina.

Akureyri 9.jan. 1966.